

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2005, miðvikudaginn 26. október var haldinn 251. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Fríkirkjuvegi 11 og hófst kl. 08:20. Viðstaddir voru: Ingvar Sverrisson formaður, Andrés Ingólfsson, Sigmar Eðvardsson, Sigurður Guðmundsson, Ingi Þór Hermannsson, Ragnar Örn Pétursson, Egill T. Jóhannsson, Páll Ármann Eggertsson og Páll Grétarsson. Jafnframt sátu fundinn Grétar H. Þórisson forstöðumaður og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram 9 mánaða uppgjör skíðasvæða. Á fundinn kom Skúli Skúlason fjármálastjóri ÍTR og gerði grein fyrir uppgjörinu og svaraði spurningum. Fulltrúi Garðabæjar óskaði eftir nánari sundurliðum á stofnkostnaði vegna nýrrar lyftu. Fulltrúi Kópavogs óskaði eftir upplýsingum um hvert uppsafnað tap væri án afskriftar.
2. Lögð fram fundargerð seinasta fundar.
3. Rætt um undirbúning vegna fjárhagsáætlunar. Lagt fram minnisblað forstöðumanns dags. 19. okt. sl. vegna framkvæmda seinustu annar og tillögur um breytingar á þjónustustigi. Drög að fjárhagsáætlun verður lögð fram á næsta fundi.
4. Fulltrúi Garðabæjar óskaði eftir upplýsingum um kostnað við uppsetningu á snjógirðingum í Bláfjöllum.
5. Rætt um aðgangshlið á skíðasvæðum.

Fundi slitið kl. 09:30.

Ingvar Sverrisson

Andrés Ingólfsson
Sigurður Guðmundsson
Ragnar Örn Pétursson
Páll Ármann Eggertsson

Sigmar Eðvardsson
Ingi Þór Hermannsson
Egill T. Jóhannsson
Páll Grétarsson